

252. fundur

Miðvikudaginn 30. janúar 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal BSRB að Grettisgötu 89 Reykjavík.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnadei fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 251. fundar og dagskrá.

Fundargerð 251. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

2. Söluölur mjólkurvara ársins 2012.

Kynnt var yfirlit yfir sölu mjólkurvara frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði fyrir árið 2012. Söluölur eru í lítrum og kílóum fyrir umrædd tímabil. Sala mjólkur yfir árið hefur dregist saman um 2,38%, en hins vegar hefur sala á rjóma aukist um 2,54%, viðbiti 3,83%, skyri 4,44%, ostum 2,58%, undanrennufti um 10,12% og kálfafóðri um 96,38%. Þá varð samdráttur á sölu á mjólkurdufti um 8,41% á árinu. Alls er samdráttur á mjólkurvörum í heildina um 1,07% á árinu 2012 sem felst aðallega í minnkun á sölu neyslumjólkur. Mismunur á próteini og fitu nemur líðlega 1.6 milljónir ltr. sem verða að smjörbirgðum sem eru fluttar úr landi. Sala hefur aukist um 1,55% á vörum sem innihalda mikið prótein s.s. skyri og próteindrykkjum og vörur sem eru aðallega unnar úr fitu um 2,38%. Um 13 millj. ltr. fara í útflutning, þar er mestur hluti umframframleiðsla utan mjólkurkvóta.

3. Beingreiðslur til mjólkurframleiðenda.

Formaður lagði fram útreikninga á mjólkursamningi fyrir árið 2012. Heildargreiðslumark er 114,500.000 ltr. Þar kom fram að umreiknaðar beingreiðslur eru kr. 45,07 pr/ltr, en þá er ekki tekið tillit til annara greiðslna. Ákveðið var að skoða heildargreiðslur til mjólkurframleiðenda betur fyrir næsta fund.

4. Kynning á verkefnum Mjólkursamsölnnar – Einar Sigurðsson forstjóri.

Formaður bauð velkominn til fundarins, Einar Sigurðsson forstjóri MS. Hann fór yfir stöðu mjólkuriðnaðarins á landsvísu og kynnti fyrir fundarmönnum þær róttæku breytingar sem hafa átt sér stað hjá MS í formi hagræðingar í rekstri og skipulagi fyrirtækisins. Hann fór yfir breytingar sem hafa átt sér stað í fyrirtækinu og flutning verkefna og vinnslulína á milli staða og hefur mjólkurstöðvum verið fækkað og framleiðslunni hagrætt þannig að sérhæfð framleiðsla verði sem mest á hverju stað. Benti hann á mikla hagræðingu sem felst í því að ekki þurfi að halda úti t.d. mjólkurpökkun á mörgum stöðum.

Sem dæmi verður öll ostaframleiðsla á brauðostum á tveimur stöðvum, Akureyri og KS á Sauðárkróki, Búðardalur mun sjá um alla mylguostaframleiðslu en á Selfossi verður pökkun á neyslumjólk og annari dagvöru þar sem sett verður upp ný vinnslulína fyrir tappafernur. Í húsnæði MS í Reykjavík verður aftur á móti birgðarstöð og dreifing til neytenda um allt land. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 starfsmenn í 4 vinnslustöðvum.

5. Önnur mál.

Formaður greindi frá samningi sem Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefði gert við Hagstofu Íslands um að annast gerð búreikninga bænda, annast skýrslugerð og hagtölusöfnun vegna OECD og WTO sem Ísland þyrfti að standa skil á.

Liðum 5 og 6 frestað til næsta fundar.

Næsti fundur ákveðinn 14. febrúar 2013 í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.